



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, Rvk mánudaginn 9. desember 2019 kl. 16:30-18:30.

(Fundur nr. 5. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Jens B. Baldursson, Páll Ingbór Kristinsson, Björn Traustason, Laufey Hannesdóttir, Brynjólfur Jónsson, Kristinn H. Þorsteinsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð). Þá voru Sigrún og Páll í Skype sambandi.

### Dagskrá fundar

**1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum.

**2. Undirbúningur vegna afmælis Skógræktarfélags Íslands á næsta ári.**

Unnið er að undirbúningi og var haldinn fundur 29. nóvember með Birni Thors frá Skógræktarfélagi Reykjavíku, Narfa sem starfaði hjá S.Í. á liðnu sumri og Andra Snæ Magnasyni formanni Yrkjusjóðs. Björn kom með margskonar hugmyndir, t.d. um stofnun félags þar sem ungt áhugafólk um skógrækt heldur um stjórnartauma og miða við framhaldsskólaaldur. Hugmyndin gengur út á að það verði eitt félag á landsvísu sem á aðild að S.Í. líkt og önnur skógræktarfélög. Jafnframt ræddi hann hugmynd sína um bakhjarla skógræktar sem hann nefnir „skógarverði“ og sitthvað fleira. Andri Snær hefur mikinn áhuga á að fjölga þeim grunnskólum sem taka þátt í Yrkjuverkefninu og reyna að höfða sterkar til ungs fólks á breiðum grunni. Pétur Halldórsson, sem fer fyrir hópi ungra umhverfissina og Sævar Helgi Bragason koma til fundar við JG og BJ næstkomandi föstudag 13. desember til að ræða um hvort og hvernig þeir gætu komið að málinu.

### **3. Starfsmannahald**

BJ kynnti uppgjör (2019) og áætlun (2020) á vinnu og kostnaði vegna Kolviðar. Ljóst er, að þörf er á auknum mannafla til þess að sinna þessum auknu verkefnum. Þórveig Jóhannsdóttir er tilbúin að koma til starfa 1. feb. í 60% starf (með hugsanlegri starfsaukningu ef á þarf að halda). Framkvæmdastjóri fær umboð stjórnar til þess að semja við Þórveigu um ráðningarsamning.

### **4. Undirbúningur vegna leigu á hluta af skrifstofurými í Þórunnartúni 6**

Hægt er að útbúa sex vinnustæði í því rými sem laust er og leigja þau út stök eða fleiri saman. Þetta þarf að bera undir Landgræðslusjóð sem á húsnæðið með S.Í., áður en ráðist verður í viðeigandi framkvæmdir, því ljóst er að nokkur kostnaður mun fylgja því að gera húsnæðið klárt til útleigu.

### **5. Sala jólatrjáa og horfur næstu vikur.**

Haldinn var fundur skógræktarfélaganna 15. nóv. til þess að ræða sölu jólatrjáa þessi jólin. Huga þarf að leiðum til þess að koma íslenska jólatrénu á framfæri við fjölmiðla fyrir næstu jól. Stefnt verður að því að undirbúa verulegt átak í þessum eignum fyrir jólin 2020. Samþykkt var að verja c.a. 200 þúsund krónum í auglýsingar núna í desember til að vekja athygli á því að hægt er að kaupa íslensk jólatré.

### **6. Önnur mál**

Skráning skógartalna. Haldinn hefur verið fundur helstu aðila málsins til þess að ræða bætt gæði skógargagna. Fyrirhugað er að sækja um styrk í nýstofnaðan Lofslagssjóðs til að koma á fót venna skráningu meðal skógræktarféлага.

Málafylgjuhópur skógargeirans – sem náði góðum árangri á árinu 2018 – þarf aftur að taka til starfa og búa til nýja vitundarvakningu.

Kynnt voru drög að leigusamningi milli landeigenda á Úlfljótsvatni og Grímsnes- og Grafningshrepps vegna 1 hektara sem nota á undir nýja rétt. Í drögunum er óskað eftir að ekki verði greidd leiga fyrir spilduna. Stjórnarmenn voru sammála um að slíkt kæmi ekki til greina.

Fjárhagsáætlun: Verið er að endurskoða og uppfæra vegna nýrra upplýsinga um ráðningu nýs starfsmanns, en málin verða kláruð í byrjun janúar.

Rótarskot 2019. Samningar við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu eru að nást.

Golfklúbbur Garðabæjar og Kópavogs vill stækka golfvöllinn inn á skógræktarsvæði Sk.f. Garðbæinga í Smalaholti.

Skógræktarfélag Garðbæinga mun fá allan stuðning SÍ o.fl. í málinu.

Jens sagði frá bréfi sem hann sendi Akranesbæ m.a. með tillögu um að bærinn réði skógfræðing í hlutastarfi eða fullu starfi. E.t.v. væri heppilegra að gera þjónustusamning við sveitarfélagið og þá hugsanlega með aðkomu SÍ og/eða fleiri sveitarfélaga og skógræktarfélaga.

*Jólakaffi verður í húsnæði S.Í. í Þórunnartúni föstudaginn  
27. desember næstkomandi, samkvæmt venju.*